

REGLUGERÐ

3

12. jan.

um breyting á reglugerð nr. 11 18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl., samkv. lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar.

Ákvæði til bráðabirgða við reglugerð um innheimtu iðgjalda o. fl. samkvæmt lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, orðist svo:

1. Á árinu 1949 skulu iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. tryggingarlaganna innheimt með visitöluálagi, er miðast við 310 stig, og hafa iðgjöld samkvæmt 107. gr. samkvæmt því og með hliðsjón af 9. bráðabirgðaákvæði sömu laga verið ákveðin þannig fyrir árið 1949:

Á I. verðlagssvæði:

Kvæntir karlar	kr. 390.00
Ókvæntir karlar	— 350.00
Ógiftar konur	— 260.00

Á II. verðlagssvæði:

Kvæntir karlar	kr. 310.00
Ókvæntir karlar	— 280.00
Ógiftar konur	— 210.00

2. Árið 1949 skal greiða í janúar upp í iðgjöld samkvæmt 107. gr. tryggingalaganna, eins og þau eru ákveðin í næsta lið hér á undan, sem hér segir:

Á I. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 200.00
Ógiftar konur	— 150.00

Á II. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 150.00
Ógiftar konur	— 120.00

3. Þar til tryggingaskirteini fyrir árið 1949 hafa verið gefin út til afhendingar, skal nota skirteini ársins 1947 og færa á þau iðgjaldagreiðslur. Þeir, sem orðið hafa 16 ára á árinu 1948 og enn eigi hafa innleyst tryggingaskirteini, skulu greiða skirteinagjald samkv. 127. gr. samtímis janúargreiðslu.

Fjármálaráðuneytið, 12. janúar 1949.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Kjartan Ragnars.

SAMÞYKKT

4

14. jan.

um sýsluvegasjóð Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Sýsluvegasjóður Vestur-Húnavatnssýslu greiðir kostnað við vegabætur og vegaviðhald, sem að lögum hvílir á sýslufélögum.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

I. flokkur:

1. Síkárvegur, af þjóðveginum hjá Bálkastöðum fram með Síká að Fossi.
2. Hrutafjarðarvegur, af þjóðveginum fyrir ofan Reykjastapa að Mýrum.